

## VIÐAUKI

### við stofnanasamning embættis héraðssaksóknara við Stéttarfélag lögfræðinga, Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Fræðagarð og Félag íslenskra félagsvísindamanna, dags. 24. júní 2016.

Frá og með 10. mars 2017 verður Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU), sem starfar innan vébanda Bandalags háskólamanna (BHM), aðili að samningi þessum.

#### 1. gr.

Við bætist nýtt starfsheiti sérfræðings í stoðþjónustu sem felur í sér eftirfarandi skilgreiningu starfsheitis, sbr. gr. 2.2 í ofangreindum samningi:

#### Sérfræðingur í stoðþjónustu

Grunnmenntunarkrafa er BS/BA háskólagráða (180 ECTS einingar) eða samsvarandi. Starfið felur í sér sérhæfða aðstoð við starfsmenn og til stuðnings við kjarnastarfsemi embættisins. Hér undir geta fallið störf tengd skjalaumsýslu og aðstoð við starfsmenn á því sviði, upplýsingamiðlun og úrvinnsla innanhúss og út á við, t.d. hvað varðar innri og ytri vef embættisins, tölfræðivinnslu o.fl. Undir þetta starfsheiti falla einnig hugbúnaðar- og tölvutengd verkefni sem styðja við rannsóknir sakamála auk annarra starfa sem flokka má sem sérhæfða stoðþjónustu. Sérfræðingur í stoðþjónustu getur unnið sjálfstætt og borið ábyrgð á og haft umsjón með viðkomandi verkefnum og býr yfir talsverðri faglegri sérþekkingu í starfi sem gerir viðkomandi kleift að leiðbeina starfsmönnum og vera þeim til aðstoðar.

#### 2. gr.

Lágmarksröðun starfsheitis sérfræðings í stoðþjónustu verður launaflokkur 11, sbr. gr. 2.3 í ofangreindum samningi.

#### 3. gr.

Aðilar eru sammála um að við næstu endurskoðun stofnanasamnings verði ofangreint fellt inn í þann samning.

Reykjavík dags. 23. mars 2017

F.h. stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Andri Valur Einarsson

F.h. embættis héraðssaksóknara

Halvarður Árnason

F.h. Fræðagarðs, Stéttarfélags lögfræðinga og  
Félags íslenskra félagsvísindamanna

Andri Valur Einarsson

F.h. Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga

Kanu Ósu Þórusdóttur